

Umhverfismat

Gátlisti fyrir framhalds- og háskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað lífbreytileiki í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að nemendur vinni sem mest sjálfstætt. Nemendur geta fundið svör við sumum spurningunum sjálfir en stundum þarf aðstoð frá kennurum eða öðru starfsfólki.

Einnig eru spurningar þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga eða gera litla rannsókn til að mæla ákveðna þætti yfir einhvern tíma.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Dagsetning: _____

Undirskriftir þátttakenda:

Lífbreytileiki



Hugur þekking

	já	nei	athugasemdir
Hafa nemendur fengið fræðslu um hvað felst í hugtakinu lífbreytileiki (líffræðileg fjölbreytni?)			
Skilja nemendur hugtakið lífbreytileiki?			
Þekkja nemendur fimm helstu ógnir við lífbreytileika í heiminum og þær afleiðingar sem þær geta haft?			
<ul style="list-style-type: none">• Tap á búsvæðum			
<ul style="list-style-type: none">• Ágengar framandi tegundir			
<ul style="list-style-type: none">• Ofveiði og ofnýting á lífverum			
<ul style="list-style-type: none">• Loftslagshamfarir			
<ul style="list-style-type: none">• Mengun			
Kunna nemendur að greina á milli mismunandi vistkerfa?			
Þekkja nemendur mikilvægi lífbreytileika fyrir vistkerfi heimsins?			
Þekkja nemendur stöðu lífbreytileikans í heiminum?			
Geta nemendur nefnt ágengar framandi tegundir á Íslandi og hvaða áhrif þær hafa á lífbreytileika?			

já nei athugasemdir

Þekkja nemendur helstu alþjóðlegu lög og samninga sem fjalla um lífbreytileika?

Er fræðsla um lífbreytileika sett í samhengi við náttúruvernd?

Er fræðsla um lífbreytileika sett í samhengi við loftslagsbreytingar?



Hjarta skólinn og samfélagið

já nei athugasemdir

Eru notaðar fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir til að kenna um lífbreytileika?

Hefur lífbreytileiki verið fléttaður inn í einhver málefni kennslunnar? Ef já, í hvaða áfanga/málefni?

Eru einhver svæði í nærumhverfinu eða á Íslandi sem nemendur gætu bent á að þurfi sérstaka vernd vegna lífbreytileika?

Er fjallað um það á hvaða hátt núverandi lífnaðarhættir í okkar samfélagi hefur áhrif á lífbreytileika?

Er skilningur í skólanum á að samfélög þurfa á lífbreytileika að halda?

Eru efni notuð í skólanum sem geta mengað vatn, jarðveg eða andrúmsloft?

Er fræðsla um lífbreytileika sett í samhengi við náttúruvernd?

já nei athugasemdir

Er fræðsla um lífbreytileika sett í samhengi við loftslagsbreytingar?			
Er skordýra- eða plöntueitur notað á skólalóðinni (sem getur verið slæmt fyrir lífbreytileika og vistkerfin)?			
Þekkja nemendur helstu alþjóðlegu lög og samninga sem fjalla um lífbreytileika?			
Hvaða mismunandi vistkerfi er að finna í nágrenni skólans: birkiskógur, votlendi, tjörn, á eða lækur, strönd, mói, annað?			



Hendur aðgerðir

já nei athugasemdir

Hafa nemendur eða kennarar beitt sér með einhverjum hætti til að vernda lífbreytileika í nágrenni skólans?			
Eru aðgerðir eða verkefni innan skólans sem miða að því að vernda lífbreytileika? Ef já, hvaða verkefni eru það?			
Eruð þið að plokka á skólalóðinni og í nærumhverfi?			

	já	nei	athugasemdir
Er skólinn með aðgerðir sem miða að því að minnka sóun á orku, vatni, mat, textíl o.fl.?			
Er skilningur á því hvernig þessi sparnaður hefur áhrif á lífbreytileika?			
Býður skólinn upp á skólagarða eða aðra aðstöðu til að rækta eigin mat? Auðvelt er m.a. að rækta kartöflur, rabarbara, salat, krydd og tómata. Eigin heimaræktun getur dregið úr kaupum á matvörum sem framleiddar eru með þaulræktun og ógna lífbreytileika			
Taka nemendur virkan þátt í endurheimt vistkerfa, t.d. með því að planta innlendum trjátegundum, safna birkifræi, sá, bera á o.fl.?			
Nemendur skipuleggja skólalóðina eða hluta þess m.t.t. að stuðla að vernd lífbreytileika plantna og dýra?			
Eruð þið í skólanum að reyna að hafa áhrif, t.d. með því að senda bréf til fyrirtækja, funda með sveitarstjórn, gera athugasemdir við einhver áform, skrifa greinar, vera með viðburð o.fl.			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við loftslagsbreytingar?			
Eru þið í skólanum að upplýsa og fræða aðra um lífbreytileika?			

Til umræðu:

- Hvað er lífbreytileiki (líffræðileg fjölbreytni)?
- Hverjar eru helstu ógnir við lífbreytileika í heiminum?
- Af hverju er mikilvægt að vernda og viðhalda lífbreytileika?
- Getið þið fundið dæmi um tap á lífbreytileika í sveitarfélaginu? (Dæmi: örfoka land, framræstar mýrar, ágengar framandi tegundir, ágangur ferðamanna, stór mannvirki (virkjanir, vegir ofl.) og ofnýting manns á lífverum og vistkerfum.
- Hver er munurinn á innlendri og framandi lífveru?
- Hvað er ágang framandi lífvera og hvaða eiginleika hafa þannig lífverur sameiginlega?
- Af hverju getur innlend lífvera ekki orðið ágang?
- Af hverju er lífbreytileiki á Íslandi merkilegur á heimsvísu?
- Nefnið dæmi um einlendar tegundir á Íslandi (sem finnast aðeins á einu tilteknu svæði og hvergi annars staðar).
- Hvað er þjónusta vistkerfa og hvernig tengist hún lífbreytileika?

Markmið og aðgerðir innan þemans lífbreytileiki